

**Ed.**

**611. Frumvarp til laga**

[281. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Salome Porkelsdóttir, Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

1. og 2. másl. 2. töluliðar B-liðar 30. gr. laganna orðist svo:

Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar. Frádráttur skv. þessum tölulið skal þó aldrei vera hærri en 5000 kr. hjá einstaklingi og 10 000 kr. hjá hjónum.

2. gr.

9. tölul. 31. gr. laganna orðist svo:

Þrjá fjórðu þeirrar fjárhæðar er félag, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða eða úthluta í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 10% af nafnverði hlutafjár. Arður skv. þessum tölulið er frádráttarþær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

3. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 23 450 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 48 300 kr. reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 71 750 kr. reiknast 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

4. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 53% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

5. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr., svo og þeirra íslensku ríkisborgara, sem búsettir eru erlendis um stundarsakir og skattskyldir eru skv. 3. gr., reiknast þannig: Af fyrstu 267 000 kr. eignarskattsstofns greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,8%.

6. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila, sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr., sbr. þó ákvæði 83. gr., skal vera 0,8% af eignarskattsstofni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt fyrir hönd þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Þingmenn flokksins í stjórnarandstöðu hafa ítrekað flutt frumvörp og breytingartillögur um skattamál á undan-

förnum þingum. Þetta frv. er einvörðungu um tekjuskatt og eignarskatt og felur í sér nokkur fá og afmörkuð grundvallarstefnumið sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fyrr og síðar lagt áherslu á sem áfanga í átt til gagnerrar breytingar og einföldunar á tekjuöflunarkerfi hins opinbera og þar með skattaálögum.

**Þessi grundvallarstefnumið eru:**

1. **Jaðarskatti sé svo stillt í hóf að hann lami ekki athafnaþrá og vinnuframlag manna.** Hér er gerð tillaga um að skattar af síðustu tekjum fari ekki fram úr 40% til ríkisins og verði því ekki hærri en rúmlega 50% að meðtöldu útsvari — í stað þess að vera nú yfir 60%.
2. **Tekjuskattur á almennar launatekjur verði felldur niður í þessum áfanga.** Nánari skilgreining er sú, að kvæntir verkamenn og iðnaðarmenn með meðaltekjur verði tekju-skattsfrjálsir, svo sem fram kemur í útreikningi Þjóðhagsstofnunar á meðfylgjandi fylgiskjali.
3. **Eignarskattar verði stórlega lækkaðir.** Eignarskattar eru nánast sérstakur skattur á sparnað fyrri ára í flestum tilvikum. Eignarskatta til ríkisins, t. d. á eigin íbúðir, á því að afnema. Hér er lagt til að skattstigar og skattleysismörk eignarskatta verði þau sömu og 1977 og lækki skattbyrðina í það sem hún var áður en vinstri stjórnin breytti skatta-lögum haustið 1978.
4. **Fólk verði hvatt til beinnar þátttöku í atvinnulífinu** með því að skattleggja arð af hlutabréfum á sem hliðstæðastan hátt og annan sparnað, t. d. í formi ríkisskuldabréfa.
5. **Atvinnulíf verði örvað með því að léttu af því sköttum** og lækka skattstiga í 53% af félögum eins og gildi þegar sjálfstæðismenn báru ábyrgð á ríkisfjármálum.

Að sjálfsgöðu koma mörg önnur atriði til greina við endurskoðun skattalaga og vísast um sum þeirra til tillögugerðar flokksins á fyrri þingum og einstakra þingmanna á yfirstandandi þingi.

Þess er nú á hinn bóginn freistað að setja fram framangreind fá og afmörkuð grundvallaratriði í skattamálafestefnu Sjálfstæðisflokksins til umfjöllunar og afgreiðslu á þessu þingi.

Við afgreiðslu fjárlaga var því lýst yfir af hálfu Sjálfstæðisflokksins, að hann mundi flytja tillögu fyrir þinglok um lækkun tekju- og eignarskatta. Þá þegar lá fyrir að tekjuhækkun milli áráanna 1980 og 1981 yrði 52—53% og tekjuskattar og útsvarsstofn hækka samkvæmt því. Flest bendir til að svo verði, t. d. hækka tekjur í Reykjavík um 54% milli áráanna 1980 og 1981 skv. nýjustu áætlunum. Engu að síður var skattvísitala einungis hækkuð með atbeina stuðningsliðs ríkisstjórnarinnar um 50% og þar með skattstigar og frádráttarliðir. Útreikningar sýna að tekjuskattur, sjúkratryggingagjald og eignarskattur verða um eða yfir 100 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir vegna þessara breyttu forsendna með óbreyttum skattatekjum og skattvísitölu.

Skv. fjárlögum og lauslegum útreikningum Reiknistofnunar háskólans sundurliðast þessi skattahækkun þannig:

	I. Skv. forsendum fjárlaga og óbreyttum skattalögum millj. kr.	II. Skv. óbreyttum skattalögum og 53% tekjubreytingum milli ára millj. kr.	Hækkun
Tekjuskattur:			
álagning nettó .....	(1 030	1 145)	
innheimta .....	938,5	1 047	109,0
Sjúkratryggingagjald .....	51,0	52,5	1,5
Eignarskattur álagning .....	111,0	114,0	3,0
			Millj. kr. 113,5

Skyll er að geta þess, að skv. viðtölum við sérfræðinga Þjóðhagsstofnunar gæti þessi skattahækkun orðið nokkru minni, og verður hér reiknað með að álagning tekju- og eignarskatts geti orðið 80—90 millj. kr. meiri en fjárlög gera ráð fyrir að óbreyttum lögum og skattvísitölu.

Eftir að fjárlög hafa verið afgreidd hefur ýmsum ákvæðum laga, er varða tekjuöflun ríkissjóðs, verið breytt og nýir skattar á lagðir og boðaðir, en lækkun orðið á öðrum.

Nýjustu upplýsingar benda til þess, að í heild yrði skattheimta ríkisins af þessum sökum um 150 millj. kr. meiri en fjárlög gera ráð fyrir. Þessi niðurstaða fæst á eftirfarandi hátt:

	Hækkun skatta frá fjárlögum millj. kr.	Lækkun skatta frá fjárlögum millj. kr.
1. Tollafræiðslugjald, nýr skattur .....	54	
2. Söluskattur á gjaldið .....	19	
3. Framleiðslugjald á sælgæti og kex .....	8	
4. Skattar á innlánsstofnanir, nýr skattur .....	50	
5. Tekju- og eignarskattur .....	90	
6. Launaskattur .....		30
7. Stimpilgjöld .....		20
8. Lækkun tolla .....		22
	221	72
Hækkun samtals		149
	221	221

#### Skattalækkun samkvæmt frumvarpinu.

Skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar voru meðaltekjur í fyrra, sem skattar leggjast á, hjá kvæntum verkamanni 128 þús. kr. og hjá kvæntum iðnaðarmanni 140 þús. krónur. Að óbreyttum lögum greiddi kvæntur iðnaðarmaður með tvö börn 4 866 kr. í tekjuskatt og 19 953 kr. í heildartekjuskatta af þessum tekjum. Skv. frv. yrði hann nánast tekjuskattlaus til ríkisins og heildarskattar hans lækkuðu um 4 350 kr. Kvæntur verkamaður með tvö börn greiddi 1 086 kr. í tekjuskatt og 13 074 kr. í heildartekjuskatta. Skv. frv. yrði hann tekjuskattlaus til ríkisins og skattar hans lækkuðu í heild um 3 810 kr. Þetta sést nánar á eftirgreindum útreikningum Þjóðhagsstofnunar:

#### Dæmi I.

Iðnaðarmaður, heildartekjur 140 þús.	Gildandi lög vísitala 150	Till. sjálfstæðis- manna vísitala 150
Tekjuskattur .....	37 050	32 700
Persónuafsláttur .....	-22 830	-22 830
Barnabætur .....	-9 354	-9 354
	4 866	516
Útsvar .....	16 142	16 142
Persónuafsláttur .....	-1 830	-1 830
	14 312	14 312
Sjúkratryggingagjald .....	775	775
Skattar samtals .....	19 953	15 603
Skattar sem hlutfall af heildartekjum tekjuárs .....	14,3%	11,1%

<b>Dæmi II.</b> Verkamaður, heildartekjur 128 þús.	Gildandi lög vísitala 150	Till. sjálfstæðis- manna vísitala 150
Tekjuskattur .....	33 270	29 460
Persónuafsláttur .....	-22 830	-22 830
Barnabætur .....	-9 354	-9 354
	<hr/> 1 086	<hr/> -2 724
Útsvar .....	13 283	13 283
Persónuafsláttur .....	-1 830	-1 830
	<hr/> 11 453	<hr/> 11 453
Sjúkratryggingagjald .....	535	535
Skattar samtals .....	13 074	9 264
Skattar sem hlutfall af heildartekjum tekjuárs .....	10,2%	7,2%

Sjá nánar um forsendur í fylgiskjali.

Sé litið á heildarskattbyrðina mundi hún minnka skv. þessu frv. um nálægt 325 millj. kr. í tekjusköttum og 75 millj. kr. í eignarsköttum. Lausleg áætlun um tekjuskattslækkun á félögum nemur um 20 millj. kr. samkvæmt tillögunum og eignarskattur þeirra lækkaði um 30 millj. kr. Tekjutap ríkissjóðs yrði því um 450 millj. kr. skv. þessum tillögum. Skattahækkun frá fjárlögum er á hinn bóginn 150 millj. kr. skv. framansögðu. Niðurskurðarvandinn yrði því nálægt 300 millj. kr., sem er hliðstæð upphæð og aukning niðurgreiðslna sem ríkisstjórnin áformar á þessu ári.

Fordæmi eru fyrir því, að launþegasamtök hafi fallist á lækkun verðbóta á laun vegna skattalækkunar. Slíkt gerðist t. d. í desember 1978. Ekki virðist úr vegi að ríkisstjórnin ræddi þá leið við launþegasamtök að lækka skatta a. m. k. að hluta í stað þeirrar hrikalegu aukningar niðurgreiðslna sem áformuð er. Sjálfstæðismenn hafa áður lýst sig reiðubúna til samstarfs í fjárveitinganefnd og á Alþingi um að skera niður ríkisútgjöld í því skyni að ná fram fyrrgreindum grundvallarsjónarmiðum og skattalækkun sem þetta frv. felur í sér.

#### Skattstigi og skattleysismörk.

Hér fer á eftir samanburður á skattstigum, frádráttarliðum og skattleysismörkum sem verða að óbreyttum lögum og skv. þessu frumvarpi:

#### Skattkerfi ríkisstjórnarinnar 1982. Samanburður á óbreyttum lögum og tillögum sjálfstæðismanna.

	Einstaklingar:		Till. sjálfstæðismanna	
	Gildandi lög (skattvísitala 150)		(skattvísitala 150)	
a) <b>Skattstigi einstaklinga:</b>	0— 70 500	25%	0— 51 000	20%
	70 500—135 000	35%	51 000—156 000	30%
	1350 000 og yfir	50%	156 000 og yfir	40%
b) <b>Skattaafsláttur o. fl.:</b>				
Persónuafsláttur .....	11 415		11 415	
Lágmarksafsláttur einstaklinga .....	11 963		11 963	
Lágmarksafsláttur v/einstæðs foreldris ..	20 934		20 934	
Pak á vaxtafrádr. ....	54 375		54 375	

	Hjón	Einst. foreldri	Hjón	Einst. foreldri
<b>c) Barnabætur:</b>				
Eitt barn .....	3 262	6 090	3 262	6 090
Önnur börn .....	4 677	6 090	4 677	6 090
Viðb. yngri börn .....	1 418	1 418	1 418	1 418
<b>d) Sjúkratryggingagjald, skattstigi:</b>				
	0—101 250		0—101 250	
	101 250 og yfir 2%		101 250 og yfir 2%	
<b>e) Eignarskattur:</b>				
Skattfrjáls eign .....	326 250		580 725	
Skattstigi .....	1,2%		0,8%	

### Skattleysismörk tekjuskatts að frádrögnum barnabótum.

Gert er ráð fyrir föstum frádrætti og skattvísitölu 150 (1,45). Upphæðir í kr.

	Gildandi ákvæði 1982	Tillaga sjálfstæðismanna
Einhleypingur .....	57 600	67 000
Einst. foreldri með eitt ungt barn .....	95 000	100 900
Einst. foreldri með eitt ungt barn og annað eldra .....	112 600	121 400
<b>Barnlaus hjón:</b>		
a) kona tekjulaus .....	94 800	103 500
b) kona með 30% af tekjum karls .....	101 500	112 500
c) jöfn tekjuskipting .....	101 400	122 300
<b>Hjón með tvö börn, annað ungt:</b>		
a) kona tekjulaus .....	124 500	138 100
b) kona með 30% af tekjum karls .....	133 400	149 600
c) jöfn tekjuskipting .....	143 000	156 800

### Yfirlit yfir auknar skattaálögur síðan haustið 1978.

Sjálfstæðisflokkurinn hafði á hendi forræði ríkisfjármála frá 1974 fram á haust 1978, en þá tók við önnur vinstri stjórnin á fyrra áratug. Hér verður rifjuð upp að lokum stefna í skattamálum sem ríkt hefur síðan:

Frá því vinstri stjórnin komst til valda haustið 1978 hefur nýjum og hækkuðum sköttum rignt jafnt og þétt yfir almenning. Sú ríkisstjórn hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka skatta. Álagningu tekju- og eignarskatta var lokið, en með bráðabirgðalögum ákvað ríkisstjórnin að leggja á 6% tekjuskatta til viðbótar og viðauka á eignarskatta einstaklinga með meiru. Þessir viðaukaskattar hafa síðan verið innifaldir í tekju- og eignarsköttum og skattbyrði þessara skatta hefur þungst mjög.


Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur skattbyrðin breyst þannig síðan 1977, sem hlutfall af tekjum á greiðsluári:

### Eignarskattar einstaklinga:

	Álagning millj. nýkr.	Hlutfall af tekjum greiðsluárs
1977 .....	6,7	0,29%
1978 .....	13,4	0,37%
1979 .....	21,0	0,38%
1980 .....	38,4	0,45%
1981 .....	67,7	0,51%
1982 .....	104,1	1,58%

# Eignar- og tekjuskattar einstaklinga


(HLUTFALL AF TEKJUM GREIÐSLUARS)



**Tekjuskattur einstaklinga:**

1977	88,4	3,9%
1978	207,9	5,7%
1979	329,3	6,0%
1980	486,1	5,7%
1981	720,3	5,6%
1982	1029,8	6,1%

**Á þessu tímabili hefur skattbyrði eignarskatta einstaklinga tvöfaldast skv. þessu, en tekjuskattbyrðin aukist um rúm 50% ef tekið er mið af tekjum þess árs, sem fólk er að greiða skattana, en það er augljóslega eðlilegasti mælikvarði skattbyrðarinnar frá sjónarhóli skattgreiðenda. (Sjá einn fremur myndir 1- og 2).**



Vinstri stjórnin lagði á fjölda nýrra skatta: gjald á ferðalög til útlanda, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, aðlögunargjald, auk þess sem hún hækkaði söluskatt um 2%, úr 20 í 22% haustið 1979 og vörugjald um 6% á sama tíma. Vinstri stjórnin hóf einnig þá skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkunir sem hefur aukist síðan án þess að nokkuð sem nemi af þeirri skattahækkun hafi farið til vegamála.

Núverandi ríkisstjórn hefur viðhaldið öllum vinstristjórnarsköttum nema nýbyggingargjaldi, sem var hverfandi lítið, auk þess sem aðlögunargjaldið er ekki innheimt lengur, en það var fyrst og fremst markaður tekjustofn til iðnþróunar. Hún lagði á „orkujöfnunargjald“ sem í raun er 1,5% söluskattur og kom söluskatti þar með í 23,5%. Það eykur skattbyrði á næsta ári um 192 millj. kr., en það jafngildir rúmlega 400 þús. gamla króna skatti á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þannig hefur hún fram haldið stefnu vinstri stjórnarinnar í skattamálum.

Hér fer á eftir samandreginn skattreikningur Alþýðubandalagsins, Framsóknarflokksins og raunar Alþýðuflokks, sem ber ábyrgð að hluta á skattastefnu vinstri stjórnarinnar.

### Nýir og hækkaðir skattar frá haustinu 1978.

(Verðlag fjárlaga 1982, þús. kr.)

1. Hækkun eignarskatta einstaklinga .....	53 000	
2. Hækkun tekjuskatta einstaklinga .....	368 000	
— Lækkun sjúkratryggingagjalds .....	126 000	295 000
3. Söluskattur 2% haustið 1979 .....		256 000
4. Vörugjald 6% sama tíma .....		107 000
5. Gjald á ferðalög (skv. frv.) .....		47 000
6. Innflutningsgjald á sælgæti .....		3 000
7. Skattar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði .....		32 100
8. Hækkun verðjöfnunargjalds á raforku um 6% .....		28 500
9. Skattahækkun á bensíni umfram verðlagsbreytingar .....		217 000
10. Orkujöfnunargjald .....		191 000
11. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra .....		13 500
12. Markaðar tekjur í ríkissjóð .....		61 000
Frá dregst:		
Niðurfelling söluskatts af matvöru haustið 1978 .....		224 000
Lækkun tolla og aðflutningsgjalda .....		97 000
(Sjá enn fremur mynd 3).		
	Samtals nýkr.	929 000

Þetta jafngildir rúmlega 20 þús. nýkróna (2 millj. gkr.) viðbótarálögum á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu vegna ákvarðana þessara ríkisstjórna síðan haustið 1978.

Þá er ótalin hækkun á útsvörum til sveitarfélaga sem núverandi ríkisstjórn heimilaði og má giska á að leggi um 150 millj. króna viðbótarskatt á almenning umfram það, sem að framan er talið. **Þá bætast við þessar álögur áformaðar og ákveðnar skattahækkunir eftir að fjárlög 1982 voru samþykkt.**


Þess skal getið, að sú skattahækkun á bensíni, sem hér er tíunduð umfram fast verðlag, er í samræmi við upplýsingar frá Vegagerð ríkisins og Þjóðhagsstofnun. Hún stafar að mestu af hækkun tolla og söluskatts vegna mikillar verðhækkunar á bensíni í innflutningi, en að mjög litlu leyti af raungildishækkun bensíngjalds til Vegasjóðs.

Pegar þessar gífurlega auknu skattaálögur eru hafðar í huga er ljóst að með þessu frumvarpi er einungis stigið örstutt skref í þá átt að minnka skattheimtu og ríkisumsvif nú,



# NÝIR OG HÆKKADIR SKATTAR FRÁ HAUSTINU 1978.

(VERÐLAG FJÁRLAGA 1982, ÞÚS. KR.)



þegar útlit er fyrir að þjóðin í heild hafi minna til skiptanna í raunverulegum verðmætum. Þetta er stutt skref í rétta átt.

Óþarfi er að gera grein fyrir einstökum greinum frá þar sem efnislega fjalla þar um þau meginatriði sem fram koma fyrir í greinarverðinni.

**Fylgiskjal:**

Til Lárusar Jónssonar, alþingismanns.  
Frá Þjóðhagsstofnun.  
Efni: Dæmi um skattframtöl.

Þjóðhagsstofnun hefur birst tafla yfir tillogur sjálfstæðismanna um breytingu á alagningu skatta fyrir árið 1982 vegna tekna ársins 1981. Tillogur þessar eru merktar LJ/ab. Í framhaldi af því hefur þjóðhagsstofnun sett upp dæmi um skattbyrði iðnaðarmanns og verkamanns, sem báðir eru giftir með 2 börn og konur tekjulausar, annað barnið er yngra en 7 ára. Tekjur þessara aðila eru fundnar út skv. meðaltekjum kvæntra verka- og iðnaðarmanna skv. skattframtölum 1980 framreiknaðar með kauptaxtabreytingum til ársins 1981 að teknu tilliti til launaskriðs og vinnuálagbreytingu. Þeir skattar, sem reiknað er með í dæmum þessum, eru tekjuskattur, tekjuútsvar og sjúkratryggingagjald. Við útreikningi skattskyldra tekna til tekjuskatts er reiknað með 10% föstum frádrætti. Reiknað er með sömu meðalalagningarprósentu til útsvars og kemur fram á yfirlitinu eða 11,53%.

Dæmi I. Iðnaðarmaður, heildartekjur 140 þús.	Gildandi lög vísitala 150	Till. sjálfstæðis- manna vísitala 150
Tekjuskattur	37 050	32 700
Persónuafsláttur	-22 830	-22 830
Barnbætur	-9 354	-9 354
	4 866	516
Útsvar	16 142	16 142
Persónuafsláttur	-1 830	-1 830
	14 312	14 312
Sjúkratryggingagjald	775	775
Skattar samtals	19 953	15 603
Skattar sem hlutfall af heildartekjum tekjuárs	14,3%	11,1%

<b>Dæmi II.</b>	<b>Gjaldandi lög</b>	<b>Till. sjálfstæðis-</b>
<b>Verkamaður, heildartekjur 128 þús.</b>	<b>visitala 150</b>	<b>manna visitala 150</b>
<b>Tekjuskattur</b>	33 270	29 460
<b>Persónuafsláttur</b>	-22 830	-22 830
<b>Barnabætur</b>	-9 354	-9 354
	<b>1 086</b>	<b>2 724</b>
<b>Útsýr</b>	13 283	13 283
<b>Persónuafsláttur</b>	-1 830	-1 830
	<b>1 453</b>	<b>11 453</b>
<b>Sjúkratryggingagjald</b>	535	635
<b>Skattar samtals</b>	<b>13 074</b>	<b>9 264</b>
<b>Skattar sem hlutfall af heildartekjum tekjuárs</b>	<b>10,2%</b>	<b>7,2%</b>